

Sp. 269. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyritækja.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir,
Kristófer Már Kristinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu atvinnulífs með aðgerðum til stuðnings við stofnun smáfyritækja. Aðgerðir þessar nái m. a. til eftirtalinna atriða:

- 1) **Fræðsla** verði eflid fyrir almenning um stofnun og rekstur smáfyritækja, m. a. með samningu fræðsluefnis, útgáfu handbóka og námskeiðahaldi.
- 2) **Tímabundin, ódýr sérfræðiþjónusta** verði veitt stofnendum smáfyritækja, t. d. með rekstrarráðgjöf, bókhaldsaðstoð, markaðskönnunum, lögfræðiþjónustu og aðstoð við vörubrúun.
- 3) **Fjárhagslegur grundvöllur fyrir stofnun smáfyritækja** verði styrktur með ýmsum hætti.

Greinargerð.

Tillaga um sama efni var flutt á síðasta þingi en var ekki afgreidd. Hún er nú endurflutt að mestu óbreytt, nema gerð verður grein fyrir hugmyndum um lánsábyrgðir smáfyritækja í sérstakri tillögu.

I. KAFLI. EFLING ATVINNULÍFS.

Einhver algengasta ræða íslenskra stjórnmalamanna er um nauðsyn þess að fjölga atvinnugreinum. Þetta er kallað ýmsum nöfnum, svo sem að renna fleiri stoðum undir, að auka fjölbreytni, að brydda á nýjungum, að fjölga burðarásum o. s. frv. Þrátt fyrir óþrjótandi hugkvæmni við nafngiftirnar hefur árangurinn látið á sér standa. Enn þá er íslenskt atvinnulíf einhæft. Enn þá bíðum við fjölbreytileikans.

Hvers vegna er þörf á nýbreytni í atvinnulífi?

Á næstu 15 árum, þ. e. til aldamóta, mun gífurlegur fjöldi ungmenna koma á vinnumarkaðinn, líklega nærri 20 þúsund talsins.

Vegna samdráttar og breyttra atvinnuhátta, svo sem aukinnar sjálfvirkni og tölvuvæðingar, munu landbúnaður og sjávarútvegur ekki taka við auknum fjölda fólks á komandi árum. Þvert á móti mun störfum þar í heild fara fækkandi. Það er brýnt að nýr atvinnurekstur komi í staðinn. Sá rekstur þarf að vera af því taginu sem gæti unnið gegn óheppilegum afleiðingum byggðaröskunar og félagslegrar upplausnar.

Það er augljóst að launafólk hefur tekið á sig verulegar byrðar og mun bera þær enn um sinn. Hver ársfjórðungur, sem þjóðin býr við þessi skertu líf skjör, er henni þungbær og verður ekki endurgreiddur.

Hvað þarf til að bæta líf skjörin til frambúðar?

Í fyrsta lagi þarf að hyggja að ýmsum gömlum fyrirtækjarekstri og uppræta þar ýmis rótgróin vandamál íslensks þjóðarþúskaþar, sem eru m. a. fjáraustur í ríkisrekin hallæris-

fyrirtæki, glóruleasar fjárfestingar í sjávarútvegi og landbúnaði, millifærslur og ölmusugjafir. Í þessum tilfellum er í engu sinnt sjálfsögðum kröfum um arðsemi og heilbrigðan rekstur fyrirtækja, sem framtíðarþróun öflugs efnahagslífs verður að byggja á. Þessi rekstur er heldur ekki sambodinn fólki sem vill standa á eigin fótum. Það er staðreynd að atvinnurekendur og launafólk á Íslandi er orðið langþreytt á því að þurfa að vera bónbjargamenn við borð stjórnmalamanna. Þetta fólk vill bera ábyrgð á gerðum sínum.

Í öðru lagi þarf að byggja **ný fyrirtæki** undir forsjá fólksins í landinu. Þessi fyrirtæki eiga að byggja á framtaki einstaklinga og frjálsum samtökum þeirra. Þau þurfa að fá að bera arð til nýsköpunar og fjárfestingar og að greiða aðstandendum eðlilegan hagnað. Slíkt þurfa skattalög að tryggja. Með slíkum atvinnurekstri er hægt að endurreisa lífskjörin í landinu.

Á Vesturlöndum eru þegar orðnar miklar breytingar á atvinnuháttum. Þar hefur **þriðja iðnbyltingin** hafið innreið sína. Einkenni **fyrstu iðnbyltingarinnar** var **vélaraflið** sem gufuvélin leysti fyrst úr læðingi. Einkenni **annarrar iðnbyltingarinnar** var **stóriðjurekstur risafyrirtækjanna** á síðustu áratugum sem byggðist á framförum í tækni og visindum og verksmíðjur efna- og málmiðnaðarins eru dæmi um. Einkenni **þriðju iðnbyltingarinnar** eru hins vegar **hugvit og þekking einstaklinga** sem nýtist með framtaki þeirra og atorku í fyrirtækjum sem flest eru lítil hvað varðar starfsfólk og fjármagnsþarfir. Þar er fjárfesting fyrir hvern starfsmann margfalt lægri en í stóriðjunni.

Þessi fyrirtæki þriðju iðnbyltingarinnar hafa t. d. haslað sér völl í nýttækni greinum svokölluðu, þ. e. örtölvutækni og líftækni. Þessar greinar hafa þegar valdið stórkostlegum urreytingum á þjóðfélagsgerð Vesturlanda (örtölvutæknin) og munu verða undirstaða atvinnulífs næstu aldar (líftækni).

Á hvaða sviðum er hægt að færa út kvíarnar?

Í sjávarútvegi og landbúnaði verður ekki hægt að fjölga störfum. Því veldur fyrirsjáanlegur samdráttur og breytingar á vinnsluáðferðum sem minnka þörf á vinnuafli.

Í **landbúnaði** er unnið ötullega að því að kynna nýjar búgreinar svo sem loðdýrarækt, fiskeldi, ferðaþjónusta, nýtingu hlunninda og fleira. Þarna er um mikilvæga nýbreytni að ræða sem stuðlar að nýtingu náttúruauðlinda okkar. Þessar nýju greinar ber að efla og það er nauðsynlegt að halda áfram leitinni að öðrum tækifærum. Þessar greinar munu hins vegar ekki fjölga störfum í landbúnaði. Þeim mun fækka í **heild** vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í hinum hefðbundnu búgreinum, aðallega sauðfjárrækt.

Í **sjávarútvegi** er mikilla breytinga þörf. Þar er löngu orðið tímabært að endurskipuleggja verðlagningarkerfi, gæðaeftirlit og alla rekstrarhætti greinarinnar. Millifærslunum og sjóðadansinum, sem nú ríkir, verður að linna. Þar verður að draga fólk til aukinnar ábyrgðar á eigin rekstri og hætta að greiða niður hallærisfyrirtæki. Einnig verður að tryggja eðlilega eigin fjármunamyndun fyrirtækja sem vel eru rekin, þannig að þau geti fjármagnað starfsemi sína, nýjungar, rannsóknarstarfsemi, bættan aðbúnað starfsfólks o. fl. Hugsanlegt er að taka verði upp sölu veiðileyfa á næstu árum. Í kjölfar slíkrar ráðstöfunar yrði veruleg breyting á rekstrarháttum sjávarútvegsins. Sennilega myndi útgerðar- og vinnsluáðilum fækka verulega.

Hinir hefðbundnu nytjastofnar við Ísland virðast nú næstum fullnýttir. Það er hugsanlegt að auka að einhverju leyti sókn í einstaka stofna, eins og t. d. úthafsækju, og gera tilraunir með veiðar sem ekki hafa verið stundaðar áður, eins og t. d. á ígulkerum. Í langan tíma hefur verið talað um fullnýtingu sjávarafla og nýjar vinnslugreinar, t. d. í niðursuðu. Í slíkum tilfellum þurfa að fylgjast að hráefnisöflun, þekking á vinnslu og þekking á markaði og sölutækni. Á þessu sviði eru vafalaust ónýtt mörg tækifæri.

Þegar tekið er tillit til allra þessara þátta í sjávarútvegi og óvissunnar um framtíð þeirra er augljóslega erfitt að gera nákvæma áætlun um vinnuafli þar í framtíðinni. En breyttir

atvinnuhættir og ástand helstu nytjastofna munu líklega valda því að atvinnutækifærum í sjávarútvegi fjölgar ekki, jafnvel þótt farið yrði út í fullnýtingu afurða og nýjar vinnslugreinar.

Í hefðbundnum **iðnaði** er ekki talið að verði veruleg mannaflaaukning á næstunni. Ýmsar greinar hans hafa átt við talsverð vandamál að stríða, svo sem húsgagnaiðnaður. Þau vandamál eru ekki aðeins hér á Íslandi, heldur og í löndunum í kringum okkur. Sams konar erfiðleika hefur gætt í vefnaðar- og fataiðnaði og þetta tengist breyttum atvinnuháttum, tækni og sjálfvirkni, ódýru vinnuafli í Suður-Evrópu eða Austurlöndum og fleiri þáttum sem hafa gert það að verkum að á brattann hefur verið að sækja. Í löndunum í kringum okkur hefur mest aukning orðið í þeim hluta iðnaðarins sem kenndur er við nýtæknigreinar, þ. e. tölvutækni, líftækni, fjarskiptatækni og þess háttar. Vafalaust mun svo verða hér einnig, en nánar verður vikið að því síðar.

Í **stóriðju** eru ýmsar tillögur uppi. Jafnvel þótt öll áformuð stóriðjufyrirtæki yrðu reist fyrir aldamót, svo sem í Straumsvík, Eyjafirði og Reyðarfirði, er líklegt að bein vinnuafli þeirra yrði innan við 1000 ársverk. Þessari stóriðju mundu síðan tengjast ýmiss konar þjónusta og afleiddur iðnaður. Atvinnutækifærin yrðu hins vegar tiltölulega fá miðað við þá gífurlegu fjárfestingu sem að baki þeim lægi í orkumannvirkjum og iðjuverum. Stóriðja af því taginu, sem hugmyndir eru um hérlendis, er **leið til að nýta auð í fallvötnum frekar en fólki**. Fram til aldamóta þarf að finna 20 þúsund Íslendingum atvinnu.

Atvinna nýrrar aldar.

Kunnáttumenn telja að Vesturlönd muni hafna stóriðjukostinum í síauknum mæli en snúa sér frekar að nýtæknigreininum eins og tölvutækni, líftækni, fjarskiptatækni, geimtækni og þess háttar. Þessi staðreynd ætti að vera Íslendingum til umhugsunar sem um árábil hafa fylgt þeirri stefnu að nýting fallvatna til stóriðju væri þeirra eina von til aukinnar hagsældar.

Á Vesturlöndum er **vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu á sviði nýtæknigreinnanna**. Undirstaða þeirra er **þekking og hugvít**. Bismarck sagði forðum að framtíðin væri þeirrar þjóðar sem ætti bestu skólana. Það sannast enn einu sinni nú þegar **tæknimenntunin** hefur verið undirstaða tölvubyltingarinnar sem er stórkostlegasta framrás í atvinnulífi síðustu áratuga. Í fyrstu var bygging tölvanna undirrot atvinnusóknarinnar og nú er framleiðsla hugbúnaðar ein þeirra greina sem örast vaxa. Af sama toga þekkingar og hugvits er **líftæknin**. Einfaldari greinar hennar, svo sem öl- og ostagerð, hafa verið þekktar frá örófi alda. Á síðari árum hafa orðið geysilegar framfarir í líftækni þegar notkun ýmissa lífhvata í iðnaðarskyni hefur færst í vöxt, svo sem til sykurgerðar. Við stöndum hins vegar nú á þröskuldi stórkostlegustu framfaranna í greininni þar sem farið er að beita aðferðum erfðaverkfræðinnar við breytingar á erfðaeiginleikum fruma, t. d. gerla og sveppa. Þannig er hægt að búa til nýjar örverur sem geta framleitt ný efni á ódýrari og stórvirkari hátt en áður hefur þekkt. Þessar aðferðir erfðatækninnar munu einnig nýtast til stórkostlegra framfara í læknisfræði.

Eins og áður segir er hugvít og þekking undirstaða þessara nýju tæknigreina.

Þjóð, sem á í efnahagsörðugleikum og býr sig undir sókn til bættra lífskjara, ætti því að styrkja skólakerfi sitt og bæta aðbúnað nemenda og kennara. Þá ætti það að vera stjórnvöldum landsins umhugsunarefni að **kennslustörf á öllum stigum skólakerfisins eru lágláunastörf**. Menn skyldu spyrja sig hvort þannig sé tryggt að þjóðin njóti bestu hugsanlegu leiðsagnarinnar inn í 21. öldina sem verður öld menntunar, þekkingar og hugvits.

Menntun, þekking og hugvít.

Þegar John F. Kennedy Bandaríkjaforseti setti þjóð sinni það takmark að senda mann til tunglsins mátti finna áhrifin á mörgum sviðum þjóðlífsins. Greinilegastar voru þó

breytingarnar í skólakerfi landsins sem naut ríkulegri uppbyggingar en nokkru sinni áður í kjölfar þessarar stefnumörkunar forsetans. Á öllum sviðum raunvísinda voru rannsóknir og kennsla aukin stórkostlega. Afleiðingar þessarar áætlunar eru öllum kunnar. Maður komst til tunglsins en um leið þróuðust ótal fylgifiskar geimferðaáætlunarinnar, allt frá tefloni á pönnur til tölva upplýsingabyltingarinnar. Tölvuöldin, eins og við þekkjum hana nú, er ein af niðurstöðum þessarar stórkostlegu eflingar vísinda og tækni.

Sé tekið mið af Vesturlöndum verja Íslendingar tiltölulega minnstu fé til rannsókna í tækni og vísindum. Stór hluti íslenskrar rannsóknaviðleitni er í þjónustuskyni við ýmsan atvinnurekstur, svo sem landbúnað og fiskvinnslu eða er hluti af þjónustustofnunum heilbrigðiskerfisins. Slík þjónusta er auðvitað sjálfsögð og nauðsynleg en má hins vegar ekki rugla saman við rannsóknir sem eru til öflunar nýrrar þekkingar eða atvinnutækifæra.

Ein meginforsenda þess að Íslendingar geti bætt lífskjör sín á næstu árum er að þeir efli rannsóknarstarfsemi. Þannig þarf að efla frjálsar rannsóknir hjá rannsóknastofum atvinnuveganna, háskólans og heilbrigðisstofnananna. Einnig þarf að auka verulega rannsóknavinnu hjá fyrirtækjum. Fjöldi íslenskra fyrirtækja er nægilega stór til að reka eigin rannsóknastofur þar sem farið gætu fram rannsóknir á nýjum möguleikum og þjónusta og eftirlitsrannsóknir við framleiðslu fyrirtækjanna.

Hinar auknu rannsóknir þurfa bæði að beinast að uppgötvunum nýrrar þekkingar og tækifæra til atvinnu og að því að staðfæra og nýta upplýsingar og hugmyndir annars staðar frá. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í atvinnumálum og vísindum. Þessar upplýsingar þarf að nýta. Þessi þekkingarmiðlun er raunar viðfangsefni hinnar nýju upplýsingastefnu, og það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða sem það býður þegnum sínum í framtíðinni að hér verði sem fyrst mörkuð stefna í þessum málum.

Útdráttur.

Til að bæta lífskjör á Íslandi í nútíð og framtíð er nauðsynlegt að hefja nýjan atvinnurekstur. Í landbúnaði og sjávarútvegi er hans þörf til að mæta samdrætti sem verður vegna ofnýtingar og breyttra atvinnuhátta. Stóriðja nýtir fallvötn en ekki fólk. Vaxtarbroddur á næstu árum verður í nýtæknigreinunum. Undirstaða þeirra er þekking og hugvit sem á uppsprettu sína í góðu skólakerfi og öflugri rannsóknarstarfsemi.

II. KAFLI. SMÁFYRIRTÆKI.

Nýlegar rannsóknir hafa sannfært menn um að smáfyrtæki standa fyrir flestum nýjum störfum og mestum hagvexti. Þau sýna mikla nýsköpun og framtak. Þessi fyrirtæki eru næstum þau einu sem leggja til ný störf í iðnaði og þjónustu. Hluttur þeirra í heildaratvinnu í framleiðslu iðnaði hefur aukist víða. Í mörgum OECD-löndum virðast smáfyrtækini hafa staðið sig betur í kreppu undanfarinna ára heldur en þau stóru.

Rannsókn, sem gerð var í OECD-löndunum á árunum 1977 og 1978, bendir til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki hafi lagt til 40—70% í allri atvinnu í iðnaði. Lægri tölurnar, 40—45%, fundust í löndum eins og Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi, þ. e. a. s. löndum sem eiga sér langa iðnaðarsögu og eru stór á evrópska vísu. Hæstu hlutföllin, þ. e. a. s. 60—70%, voru í minni löndum, svo sem Sviss, Danmörku og Belgíu. Framleiðsluhlutur þessara fyrirtækja var minni en hlutdeild þeirra í atvinnutækifærunum sem þýðir að þau kröfðust tiltölulega meira vinnuafls en stóru fyrirtækin.

Smáfyrtæki skapa vinnu.

Vísindamenn við Tækniháskóla í Massachusetts gerðu athugun á bandarískum fyrirtækjum á árunum 1969—1976. Þessi rannsókn sýndi að næstum tveir þriðju hlutar allra nýrra starfa mynduðust hjá fyrirtækjum sem höfðu 20 starfsmenn eða færri.

Bandaríska viðskiptaráðuneytið gerði aðra rannsókn. Þar var bandarískum fyrirtækjum skipt niður í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru rótgróin fyrirtæki. Í öðrum hópnum voru fyrirtæki sem höfðu fylgst vel með tímanum og sýnt góð merki nýsköpunar. Í þriðja hópnum voru ný fyrirtæki í svo kölluðum nýtæknigreinum, svo sem rafeindaiðnaði, upplýsingaiðnaði og þess háttar. Vöxtur í sölu og atvinnu á árunum 1969—1974 hjá þessum fyrirtækjum var mældur. Gömlu, grónu fyrirtækin sýndu einungis 1% fjölgun á störfum, framsýnu fyrirtækin í öðrum flokk höfðu 4,3% aukningu á störfum en nýtæknifyrirtækin sýndu 41% aukningu á störfum.

Sölutölur gáfu svipaða niðurstöðu. Gömlu grónu fyrirtækin juku sölu um 11,4%. Fyrirtækin í öðrum flokki juku sölu um 13,2% en nýju fyrirtækin sýndu 43% vöxt í sölu. **Þessar tölur ítreka að fjölgun starfa verður hjá nýjum smáfyrirtækjum.**

Smáfyrirtæki, uppspretta nýsköpunar.

Eins og áður er vikið að sýna smáfyrirtæki yfirleitt betri merki nýsköpunar. Bandarískar rannsóknir sýna að á 20 ára tímabili, milli 1950 og 1970, kom fjórðungur mikilvægra tækninýjunga á markaðinn frá litlum fyrirtækjum.

Smáfyrirtæki hafa ýmsa fleiri kosti en þessa. Þau geta hentað vel til að endurreisa eða styrkja atvinnuástand í borgarhluta eða bæjarfélagi sem hefur átt í erfiðleikum. Smáfyrirtæki geta verið ágætis uppspretta hlutastarfa sem henta fjölskyldum, bæði foreldrum og unglingum í ýmsum tilfellum. Annað dæmi um efnahagslegan ávinning sést í borgum, þar sem smáfyrirtæki, sem dreift er um borgina, minnka akstur og flutning fólks til og frá vinnu. Að slíku er mikill sparnaður bæði í vegaframkvæmdum og almenningsfarartækjum. Þessar röksemdir eiga ágætlega við á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í mörgum bæjarfélögum á Íslandi er atvinnulíf einhæft og byggist upp á rekstri örfárra stórra fyrirtækja í fiskiðnaði. Á slíkum stöðum er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í atvinnuháttum, ekki einungis til að vernda hagsmuni bæjarfélagsins gegn sveiflum í grunnatvinnugreinunum, heldur, og ekki síður, til að veita ýmiss konar þjónustu og til að veita atvinnu því fólki sem ekki má eða vill vinna við grunnframleiðslugreinarnar. Þannig geta smáfyrirtæki skapað félagslegar aðstæður sem eru bæjarfélaginu og íbúum þess til mikilla hagsbóta.

Af þessum ástæðum ættu stórfyrirtæki víða um land að huga að því sérstaklega hvort þau geta ekki beinlínis stutt við stofnun smáfyrirtækja með ýmiss konar þjónustu og hjálparaðgerðum. Slík hefur orðið raunin víða erlendis.

Smáfyrirtæki, umhverfi fyrir fólk.

Í löndum, þar sem smáfyrirtækjarekstur stendur í blóma, hefur þess talsvert orðið vart að starfsfólk flytji sig úr störfum hjá stórfyrirtækjum og fari til smáfyrirtækja. Ástæðurnar segir það m. a. vera aukið frjálsræði í stjórnun og samskiptum fólksins innan fyrirtækjanna. Það skiptir miklu máli að samráð milli starfsfólks sé á hverjum tíma sem allra best og það taki höndum saman við uppbyggingu fyrirtækisins. Í því sambandi er rétt að benda á ýmsar kenningar í stjórnun sem leggja mikla áherslu á lýðræðislega stjórnarhætti í fyrirtækjum samfara greinilega afmarkaðri ábyrgð. Fólk, sem hefur flutt sig til smáfyrirtækja, hefur einnig tilgreint þær ástæður að í mörgum tilfellum sé þar betri fjárhagsleg afkoma. Í litlum fyrirtækjum er launakerfið oft óbundnara og starfsmenn geta þar haft frjálsari hendur um að semja sjálfir um eigin laun við vinnuveitendur sína. Það er mikilvægt að launasamningakerfið sé þannig að starfsfólk megi á hverjum tíma njóta þess þegar vel gengur.

Í þessu sambandi getur þurft að huga sérstaklega að hlutverki verkalýðsfélaga. Það getur verið smáfyrirtækjum mjög erfitt ef starfsmenn þeirra eru í mörgum verkalýðsfélögum. Í þessu sambandi er vert að líta á tillögur Bandalags jafnaðarmanna um full réttindi

vinnustaðafélaga til lögformlegra samninga. Reyndar hafa nú á síðustu mánuðum verið uppi umræður hjá verkalýðssamtökunum í landinu um endurskoðun á fyrirkomulagi launasamninga.

Útdráttur.

Hér hefur verið fjallað um ýmsa kosti smáfyrirtækja. Þar má nefna nýsköpun í atvinnuháttum, mikla vinnuafliþörf, gott atvinnuumhverfi fyrir starfsfólk og betri fjárhagslega afkomu þess. Fjárfesting að baki hverju starfi í smáfyrirtæki er mörgum sinnum minni en í stóriðju. Önnur dæmi um efnahagslegan og félagslegan ávinning af þeim eru að veita fjölbreytni í atvinnu og þjónustu bæjarfélaga eða borgarhverfa og minnka þarfir á fólksflutningum vegna atvinnu.

III. KAFLI. FRÆÐSLA.

Fræðsla um atvinnulíf og stofnun smáfyrirtækja þarf að vera tvenns konar. Í fyrsta lagi þarf hún að vekja áhuga á atvinnulífi og fyrirtækjarekstri og veita almenna undirstöðu. Í öðru lagi þarf sérhæfða fræðslu um ákveðin atriði, t. d. um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Sú fræðsla þarf að vera af ýmsu tagi. M. a. má nefna eftirtalin atriði:

a) **Lögfræðileg atriði.** Þar þarf að gera fólki almenna grein fyrir ábyrgð og skyldum þeirra sem standa að stofnun og rekstri fyrirtækja. Það þarf að gera grein fyrir löggjöf um ýmis félagaform, skattamál, bókhaldsskyldu og fleira.

b) **Fjármál.** Nauðsynlegt er að gefa almennar upplýsingar um lánasjóði, bankastarfsemi, gerð fjárhagsáætlana, rekstraráætlana og lánaumsókna svo dæmi séu nefnd.

c) **Markaðsmál og sölumennska.** Það er nauðsynlegt að væntanlegir atvinnurekendur geri sér grein fyrir mikilvægi þessa málaflokks. Þetta er raunar sá liðurinn í fyrirtækjarekstri á Íslandi sem mest hefur orðið útundan. Á þessu sviði þarf að gefa grundvallarhugmyndir um markaði, einkenni þeirra, markaðskannanir og aðferðir við sölu á varningi eða þjónustu.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að almennt er brýn þörf á skólalaldi og menntun fyrir fólk sem gæti stundað sölustörf á erlendum mörkuðum. Til að ná árangri á því sviði þarf umfangsmikla vörubekkingu, góða kunnáttu í tungumáli viðkomandi markaðar, skilning á einkennum og lífsmynstri viðkomandi þjóða, dugnað og ósérhlífni.

d) **Vörubrúun, stjórnun og fleira.** Markmið með fræðslu af þessu tagi ættu í fyrsta lagi að vera þau að gefa fólki hugmynd um þá ábyrgð, áhættu og möguleika sem svona rekstri fylgir. Einnig þyrfti öllum að vera ljós þörfin á aðhaldi og arðsemi.

Í öðru lagi ættu markmið að vera þau að gefa þeim sem frekar vilja kynna sér málin og spreyta sig á viðfangsefninu nánari innsýn inn í ýmsa efnisflokka eins og þeir voru raktir hér á undan.

Þessa fræðslu má inna af hendi með ýmsum hætti:

a) **Fræðsluefni fyrir fjölmíðla.** Hugsanlegt er að gera þætti til flutnings í fjölmíðlum. Í þessu sambandi má geta þess að breska sjónvarpið BBC hefur útbúið þætti til sýningar í sjónvarpi sem fjalla um stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Hugsanlegt væri að gera þætti fyrir útvarp, sjónvarp eða til birtingar í dagblöðum og tímaritum.

b) **Útgáfa handbóka.**

c) **Námskeiðahald.** Námskeið, sem fjalla mundu um þessi efni, mætti skipuleggja og halda á ýmsan hátt, til dæmis sem **valnámskeið** í mennta- og fjölbrautaskólum, verkfræði- og raunvísindadeild Háskólans, iðnskólum, tækniskólum og fleiri sérgreinaskólum. Auk þess mætti halda námskeið í starfsmannafélögum og verkalýðsfélögum. Einnig er hægt að stofna námsstöður í fyrirtækjum sem væru í tengslum við viðskiptanam í skólum. Þangað gætu nemendur farið í lengri eða skemmri tíma og kynnst þessum málum af eigin raun.

Sumar þeirra hugmynda, sem hér eru settar fram, hafa þegar verið reyndar hérlendis. Á

vegum iðnaðarráðuneytisins, félagasamtaka og iðnráðgjafa landshlutanna hafa verið haldin námskeið um skylda hluti.

Í fréttabréfi Iðntæknistofnunar Íslands í mars 1984 er skýrt frá fjölsóttum námskeiðum á Suðurnesjum um atvinnurekstur. Þar segir:

„Í vetur hafa verið haldin á Suðurnesjum þrjú námskeið um stofnun og rekstur fyrirtækja, eitt fyrri hluta vetrar í Grindavík og tvö standa nú yfir í Keflavík og eru á þeim yfir 20 manns. Námskeiðin eru haldin á vegum iðnráðgjafa Suðurnesja og standa yfir fjögurra mánaða tímabil. Haldnir eru átta vinnufundir, fjóra tíma í senn, og veitt aðstoð tvisvar í mánuði, fyrir hvern fund. Veitt er ráðgjöf um vöruþróun, lánasjóði og fleira og aðstoðað við gagnasöfnun, markaðsleit, áætlanagerð og þess háttar. Að sögn Jóns Unndórssonar iðnráðgjafa hafa komið fram margar athyglisverðar hugmyndir á námskeiðunum og sum fyrirtækjanna eru þegar farin af stað. Fyrirhuguð eru fleiri slík námskeið víðar á Suðurnesjum.“

IV. KAFLI. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA.

Það er augljóst að ýmiss konar sérfræðiþjónusta er nauðsynleg fyrir allan rekstur fyrirtækja. Í stórum fyrirtækjum er þessari þörf mætt með því að hafa ýmiss konar sérfræðinga í vinnu hjá fyrirtækinu, svo sem lögfræðinga, verkfræðinga, tölvufræðinga o. s. frv. Smáfyrirtæki þurfa ekki að njóta óskiptra starfskrafta svona sérmenntaðs fólks, en þurfa hins vegar að eiga greiðan aðgang að þekkingu þeirra þegar þörf er á. Útseld þjónusta af þessu tagi er nokkuð dýr og getur verið þungur baggi fyrir rekstur fyrirtækis sem er að hefja starfsemi, en þá er þörfin fyrir slíka þjónustu e. t. v. brýnust og fjármagnsstaðan erfiðust.

Það er skynsamlegt að örva stofnun atvinnufyrirtækja með því að aðstoða þau við að fá ódýra, tímabundna sérfræðiþjónustu af þessu tagi á meðan þau eru að komast á legg. Það er hægt að gera á ýmsan hátt, t. d. með því að setja á stofn sérstaka þjónustuaðila í þessu skyni eða með því að veita nýjum fyrirtækjum fjárhagslega styrki til að kaupa þessa þjónustu af öðrum. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um þjónustu sem nauðsynlegt er að veita:

a) **Tæknismiðja.** Það er nauðsynlegt að koma á fót tæknismiðju þar sem hugvitsmenn geta unnið að útfærslum á hugmyndum sínum með aðstoð tæknimanna. Þannig er hægt að kanna hvort og hvernig ástæða sé til að eyða fé og fyrirhöfn til frekari kynningar og markaðsathugana fyrir viðkomandi framleiðslu.

b) **Tengsl við skóla og rannsóknastofur.** Það færir nú mjög í vöxt erlendis að háskólar eða rannsóknastofnanir og fyrirtæki hafi með sér samvinnu um þróun nýrrar framleiðslu, vöru eða þjónustu. Að hluta er þetta svar háskólanna við minnkandi framlögum frá ríkinu til rannsókna á tímum kreppu í efnahagsmálum. Að hluta er þetta einnig til komið vegna þess að á þennan hátt er leidd saman þekking frá ólíkum sviðum. Rannsóknarmennirnir úr háskólunum hafa fræðilega þekkingu á viðkomandi sviði, en fólk úr fyrirtækjunum þekkir þarfir og möguleika markaðanna. Þar er skynsamlegt að hafa milligöngu um að koma á þessum samskiptum.

Í þessum tilfellum geta báðir aðilar grætt þar sem nemendur og kennarar hagnast á að fá tækifæri til að útfæra bæði í vísindaskyni og í þjálfunarskyni ýmsar hugmyndir. Fyrirtækin græða að sínu leyti á því að láta kanna fyrir sig hugmyndir sem gætu síðan reynst verðugar til frekari útfærslu. Með þátttöku nemenda í rannsóknastörfum af þessu tagi eru aukin tengsl þeirra við atvinnulífið.

c) **Ýmiss konar þjónusta.** Eins og vikið hefur verið að hér að framan er skynsamlegt að veita smáfyrirtækjum tímabundna aðstoð í ýmsu sem varðar rekstur þeirra svo sem bókhald, rekstrarráðgjöf, tölvuþjónustu, auglýsingagerð og umbúðahönnun svo nokkur dæmi séu nefnd.

V. KAFLI. AÐGERÐIR Í FJÁRMÁLUM.

Grundvallarforsenda fyrir aukningu fyrirtækjarekstrar undir forsjá einstaklinga eða samtaka þeirra er tilvist áhættufjármagns. Á fjármagnsmarkaði, þar sem vextir eru frjálsir, geta smáfyrirtæki átt erfitt uppdráttar vegna þess að lán eru dýrari til þeirra. Einnig eru þeim settar strangari kröfur um ábyrgðir en stórfyrirtækjum. Við þessar aðstæður geta smáfyrirtækin átt mjög erfitt með að fá fjármagn. Smáfyrirtæki í framleiðslugreinum geta lent í því að það sé nauðsynlegt framleiðslu þeirra að þau auki við sig til að sinna eftirspurn og valda ekki vonbrigðum á markaði. Reynslan erlendis hefur sýnt að á því stigi verði mörg slík fyrirtæki gjaldþrota. Þeim tekst ekki að útvega nægilegt fjármagn eða fjármagn á nægilega góðum kjörum til að auka reksturinn.

Það eru fleiri orsakir til þess að stórfyrirtæki eiga að ýmsu leyti auðveldara uppdráttar í viðskiptalífinu. Þau geta fengið afslætti frá fyrirtækjum sem leggja þeim til rekstrarvörur vegna þess að þau gera stóra samninga. Þau geta síðan á líkan hátt veitt sínum eigin viðskiptavinum afslátt af eigin vörum. Opinber fyrirtæki hafa venjulega tilhneigingu til að kaupa af stórum fyrirtækjum og ýta þannig undir stóru fyrirtækin á kostnað þeirra litlu. Þess vegna gæti það verið hugmynd að ríkisfyrirtæki sneru viðskiptum sínum sérstaklega til smáfyrirtækja til að ýta undir eflingu þeirra og hlutdeil í atvinnulífinu, þó þannig að eðlilegrar samkeppni í verðlagi sé gætt. Á krepputímum eiga smáfyrirtæki líka í erfiðleikum vegna lánskjara til viðskiptavina sinna. Þau þola illa að veita greiðslufresti á seldri vöru eða þjónustu.

Það skiptir miklu máli við örvun atvinnulífs að bankarnir starfi á jákvæðan hátt. Í Pýskalandi og Japan standa bankar nálægt atvinnurekstri. Þeir eru jafnvel með fulltrúa í stjórnnum fyrirtækjanna sem taka virkan þátt í stefnumótun í sambandi við framleiðslu og markaðsáætlanir. Í sumum borgum í Bandaríkjunum hafa bankar verið skyldaðir til að leggja ákveðið hlutfall útlána sinna í áhættu til uppbyggingar atvinnurekstrar í borgarhverfum sem verið er að endurreisa.

Lífeyrissjóðir verkalyðsfélaganna hafa yfir gífurlegu fjármagni að ráða. Það er ávaxtað á ýmsan hátt, t.d. með kaupum á skuldabréfum ríkissjóðs, húsnæðissjóðanna svo og þátttöku í byggingu skrifstofuhúsnæðis, samanber hús verslunarinnar. Það er fyllsta ástæða til að athuga hvort ekki beri að hvetja eða jafnvel skylda lífeyrissjóði til að leggja ákveðið hlutfall af tekjum sínum í lánastarfsemi til stuðnings stofnunar smáfyrirtækja.

Árið 1981 setti breska ríkisstjórnin af stað lánsábyrgðarkerfi fyrir smáfyrirtæki þar sem hið opinbera ábyrgist ákveðinn hluta lána sem bankar veita smáfyrirtækjum. Þingmenn Bandalags jafnaðarmanna munu gera grein fyrir hliðstæðum hugmyndum á sérstöku þingskjali.

Eins og þegar hefur verið vikið að er nauðsynlegt að hvetja bankakerfið og lífeyrissjóði landsmanna til að taka virkari þátt í fjármögnun atvinnurekstrar. Í því sambandi er mikilvægt að ríkisvaldið takmarki umsvif sín á fjármálamarkaði til að valda þar ekki óeðlilegri þenslu og vaxtahækkunum.

Tímabundin niðurfelling eða frestun á greiðslu opinberra gjalda er möguleg leið til að styðja við stofnun fyrirtækja. Slíkar aðgerðir mundu sérstaklega snúa að sveitarfélögum. Athugandi er að veita þeim aðstoð frá ríkissjóði til að létta undir á þennan hátt.

Auk þessara atriða eru fjölmargar leiðir til að styðja við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Þar má nefna byggingu iðngarða sem væru leigðir smáfyrirtækjum í ákveðinn tíma en þau síðan skyldu til að skipta um húsnæði. Þetta mundi hjálpa fyrirtækjum til að komast yfir erfiðasta hjallann í byrjun. Nauðsynlegt væri að tryggja að þau settust ekki að í slíku leiguhúsnæði til frambúðar til að vera ekki í vegi fyrir þeim sem hugsanlega vildu koma á eftir.

Nefna má ýmsar aðgerðir í skattamálum. Þegar hafa verið gerðar breytingar hérlendis á

skattalögum sem munu hugsanlega í framtíðinni hvetja sparifjareigendur til að leggja fé sitt í atvinnurekstur. Annað dæmi um skattalegar aðgerðir væri að verðlauna fyrirtæki sem framleiddu til útflutnings. Til greina kæmi að veita þeim skattalega umbun ef til dæmis 35% af framleiðslu þeirra færi á erlendan markað. Þessi ívilnun gæti síðan aukist með vaxandi útflutningi þeirra. Þetta er dæmi um aðgerðir, sem gætu hugsanlega hvatt til aukins útflutnings.

VI. KAFLI. STJÓRN AÐGERÐA

Í tengslum við þær aðgerðir, sem hér hefur verið lýst á fræðslu-, þjónustu- og fjármálasviðinu, er nauðsynlegt að tryggja edlilega, óvilhalla og faglega stjórnun. Aðgerðir af þessu tagi þurfa að verða með samhentum átaki ríkisvalds, sveitarstjórna, aðildarsamtaka vinnumarkaðarins, skóla, fjölmiðla og allra þeirra sem þarna gætu komið við sögu.

Að svo miklu leyti sem þessi uppbygging atvinnulífsins varðar byggðastefnu má benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um þróunarstofur landshlutanna. Hún hljóðar þannig:

Þar er lagt til að skipuð sé nefnd til að semja frumvarp til laga um þróunarstofur landshlutanna.

Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Þróunarstofur hafi forgöngu um mótun byggðastefnu og veiti alhliða ráðgjöf á öllum sviðum atvinnulífs.
2. Stjórnir þróunarstofa séu skipaðar fulltrúum lýðræðislega kjörinna landshlutasamtaka.
3. Þróunarstofur hafi sjálfsforræði til áætlanagerðar, ákvarðanatöku og fjármagnsútvegna.
4. Þróunarstofur starfi í nánnum tengslum við Byggða- og áætlanaeild (núverandi Framkvæmdastofnunar) sem verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
5. Þróunarstofur skuli m. a.
 - a) sjá um gerð og framkvæmd byggðaáætlana; sé leitað til Alþingis eftir fjármagni til stuðnings byggðaáætlunum og það fjármagn samþykkt á fjárlögum skuli þróunarstofur bera ábyrgð á veitingu fjárens í samræmi við áætlanir;
 - b) vera sameiginlegur vettvangur þess ráðgjafarstarfs sem þegar fer fram á ýmsum sviðum;
 - c) varðveita iðnþróunarsjóði landshlutasamtaka;
 - d) starfa í tengslum við landshlutastofur ríkisfyrirtækja.

Almenn markmið tillagnanna eru þau að staðfesta frumkvæði heimamanna við gerð byggðaáætlana, umsjá þeirra með framkvæmd áætlana og ábyrgð þeirra á vörslu og veitingu fjármuna sem varið er til byggðastefnu úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Á þennan hátt má komast út úr þeim vítahring miðsóknar og miðstýringar sem einkennt hefur framkvæmd byggðastefnu og raunar flestöll samskipti stjórnvalda í Reykjavík og heimamanna úti um landið.

Lögð er áhersla á það tvíþætta hlutverk þróunarstofa að hafa forgöngu um gerð og framkvæmd byggðaáætlana annars vegar og hins vegar að vera uppspretta hugmynda, upplýsinga og víðtækra ráðgjafar í daglegri önn atvinnulífsins í viðkomandi landshluta. Þess vegna er lagt til að þeir ráðunautar, sem þegar eru að starfi í ýmsum greinum, t. d. landbúnaði, iðnþróun, sjávarútvegi, fiskvinnslu, fiskeldi, skólamállum o. fl., hafi sameiginlegt aðsetur á stofnunum.

Þá er lagt til að stjórnir stofanna endurspegli á sem lýðræðislegastan hátt vilja íbúanna á svæðinu. Slíku samkomulagi er hægt að ná innan þeirra landshlutasamtaka sem nú starfa,

enda er ekki hægt að reikna með öðru en að vilji fulltrúanna í þeim standi til lýðræðislegra vinnubragða. Í þessu sambandi má jafnframt benda á hugmyndir Bandalags jafnaðarmanna um almennar kosningar fylkisstjórnvalda sem myndu auðvelda lýðræðislega lausn þessara mála.

Mikil áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð heimamanna í byggðamálum. Það er augljóst að þekking á staðbundnum landkostum, atvinnulífi, hefðum og lífsháttum, er nauðsynleg undirstaða að markvissri sókn í byggðamálum. Það er jafnljóst að heimamenn eru best í stakk búnir til að fylgjast með og bera ábyrgð á því að aðgerðir í byggðamálum séu í samræmi við áætlanir.

Það er eðlilegt að aðilar heima í héraði hafi yfirsýn yfir og samræmi þær leiðir sem færar eru til að fjármagna aðgerðir til eflingar byggðar. Þar geta komið við sögu fjárveitingar frá Alþingi og sveitarfélögum, svo og fjármagn frá bönkum, fyrirtækjum og fleiri aðilum.

Próunarstofur eiga að starfa í samvinnu við þá aðila sem sinna byggðamálum undir stjórn ríkisvaldsins. Þannig fæst eðlilegt flæði upplýsinga og tækifæri til samræmingar markmiða í víðu samhengi.

Einnig er í þessari þingsályktun lagt til að próunarstofur varðveiti og annist greiðslur úr iðnþróunarsjóðum sem ýmis landshlutasamtök hafa þegar sett á fót. Rétt sé að próunarstofur starfi með landshlutasstofum ríkisfyrirtækja, s.s. Vegagerðar, Pósts og síma og RARIK, svo dæmi séu nefnd.

Það skal ítrekað að sú nýsköpun í atvinnulífi, sem hér er lýst, má aldrei verða flokkspólitískri greiðastarfsemi að bráð. Því þarf að tryggja fulla ábyrgð og fagleg vinnubrögð allra aðila.

Nauðsynlegt væri að fylgjast stöðugt með framvindu þessa átaks og áhrifum þess á atvinnulíf. Síðan ætti að meta gagnsemi þess vandlega að liðnum ákveðnum árafjölda, t.d. 3—5 árum, og ákveða þá um framtíð aðgerðanna.

Fjármagn til þessara verkefna þarf að nást að mestu með endurskoðun þeirra fjárframlaga sem nú fara til byggðamála, landbúnaðar, sjávarútvegs og orkuframkvæmda. Til greina kæmi að taka erlend lán til þessa verkefnis að einhverju leyti, því að aðgerðir á þessu sviði eru óumdeilanlega með arðbærustu fjárfestingum sem íslenska þjóðin getur ráðist í.

Viðauki.

Í september 1984 komu út á vegum iðnaðarráðuneytisins þrjár skýrslur sem fjalla um atvinnumál:

1. *Iðnráðgjöf í landshlutum.* Skýrsla samstarfsnefndar um iðnráðgjöf í landshlutum.
2. *Smáfyrirtækjaverkefnið.* — Taktu þér tak —.
3. *Próunarverkefni.* Leið til að efla atvinnu- og byggðapróun.

Í þessum skýrslum er lýst þeim verkefnum sem unnið hefur verið að af hálfu iðnaðarráðuneytisins síðan 1981. Þar er að finna mikilvægan fróðleik og ágæta undirstöðu að stórtækri stefnumörkun til langs tíma, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.